

Heilbrigðisráðuneytið  
Heilbrigðisráðherra  
Svandís Svavarsdóttir  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. september 2019

Tilv. 0.1  
PM/geo

### Efni: Breytingar á skipuriti Landspítala

Meðfylgjandi eru tillögur að nýju skipuriti Landspítala sem gert er ráð fyrir að taki gildi 01.10.2019.

Í samræmi við 11. gr. laga nr. 40/2007 hefur forstjóri unnið tillögu þessa í samráði við framkvæmdastjórn Landspítala. Álits læknaráðs og hjúkrunarráðs var einnig leitað. Tillagan er nú lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

Undirbúningur að breytingum þessum hófst á síðasta vetrí og hefur mikil vinna verið lögð í verkefnið, m.a. með fjölmennum fundi stjórnenda sem og minni fundum með einstökum stjórnendum og lykilstarfsmönnum. Þá hefur ráðherra og ráðuneyti heilbrigðismála verið kynnt vinnan og drög að því skipuriti sem nú liggur endanlega fyrir. Tvær myndir af skipuriti spítalans fylgja bréfi þessu. Önnur er hefðbundin skipuritsmynd (mynd 1) en þeirri síðari er ætlað að leggja áherslu á þær víddir sem ráða áherslum í starfsemi spítalans (mynd 2).

Meginmarkmið breytinganna er að sníða skipulag starfseminnar og stjórnunarþyrirkomulag að meginverkefnum spítalans og síbreytilegum þörfum samfélagsins, um leið og hagrætt er í stjórnunarþætti spítalans. Um leið og gert er ráð fyrir að betri heildarsýn á núverandi flæði og þjónustu við sjúklinga með því að draga úr sílóum og samhæfa starfsemina þvert á núverandi

svið, er það mat mitt og framkvæmdastjórnar Landspítala að nýtt skipurit styðji við undirbúning að starfsemi spítalans í nýju húsnæði við Hringbraut.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla breytingu á skipuriti spítalans og fylgir hér því einnig nánari umfjöllun um einstaka þætti breytinganna.

## **Yfirlit yfir skipuritsbreytingar á Landspítala 2019**

### **Tilgangur skipuritsbreytinga**

1. Að fækka framkvæmdastjórum og gera framkvæmdastjórn stefnumiðaðri, með meiri yfirsýn og fókus á þróun heilbrigðisþjónustu, heilbrigðisáætlun, samvinnu við aðrar heilbrigðisstofnanir og aðra þætti velferðarþjónustu í landinu.
2. Að draga úr kostnaði við yfirstjórni spítalans.
3. Að draga úr sílómyndun og bæta þannig flæði og skilvirkni í klínískri þjónustu.
4. Að draga úr stjórnunarspönn.
5. Að búa til þar sem við á lag forstöðuaðila sem hafa klínískt, samhæfingar- og leiðtogaþlutverk.
6. Að efla þjónustuhlutverk stoðþjónustu.
7. Að efla og skyra aðkomu spítalans að Hringbrautarverkefninu.
8. Að undirbúa spítalann undir það skipulag sem nýr meðferðarkjarni, rannsóknakjarni og göngudeildarbygging krefst.

Mikilvægt er að undirstrika að þær breytingar sem ráðist er í á árinu 2019 snúa f.o.f. að skipulagi yfirstjórnar spítalans og má líta á það sem fyrri bylgju breytinga sem nú eiga sér stað á Landspítala. Jafnframt verður þeirri starfsemi (kjörnum/miðstöðvum/klösum) raðað nær hver annarri í skipulagsheildir (svið) sem stefnt er að því að vinni nánar saman á næstu árum, með hliðsjón af þörfum sjúklinga og skipulagi í nýjum meðferðar- og rannsóknakjarna.

### **Hverjar verða skipuritsbreytingarnar?**

Megin breyting skipuritsins felst í því að starfsemi sjö klínískra sviða og rekstrarsviðs verður skipt milli þriggja sviða; meðferðarsviðs, aðgerðasviðs og þjónustusviðs. Stöður 9 framkvæmdastjóra voru lagðar niður og í stað þeirra augslýstar stöður framkvæmdastjóra þessara þriggja sviða.

Hlutverk þessara þriggja framkvæmdastjóra, sem sitja munu í framkvæmdastjórn spítalans, verður að samhæfa verkefni þeirrar starfsemi sem undir þá heyra, bæta flæði á milli eininga og sviða, vinna að framgangi göngudeilda og dagdeilda og taka þátt í því að efla framþróun og rekstur þjónustu, kennslu og vísind á Landspítala.

### ***Meðferðarsvið:***

Á meðferðarsviði er gert ráð fyrir fjórum kjörnum/miðstöðvum með almennari áherslum sem leiddar verða af forstöðumönnum: öldrun, bráðabjónusta, lyflækningar og endurhæfing og geðþjónusta.

### ***Aðgerðasvið:***

Á aðgerðasviði verða fimm kjarnar eða þjónustumiðstöðvar með sérhæfðari áherslum: krabbameinsþjónusta, hjarta- og æðabjónusta, skurðlækningar, skurðstofur og gjörgæsla, auk kvennadeilda, barnaspítala og BUGL (barna- og ungingageðdeilda).

### ***Þjónustusvið:***

Á þjónustusviði er gert ráð fyrir þremur til fimm kjörnum: rannsóknarstofur, blóðbanki og myndgreining, aðföng (birgðir, flutningar, eldhús, þvottahús, öryggisgæsla) og fasteignir og umhverfi. Þá er gert ráð fyrir klasa lyfjaþjónustu, ráðgjafarþjónustu og fjarheilbrigðisþjónustu, heilbrigðis- og upplýsingatækni.

Sú nálgun starfseminnar með kjörnum/þjónustumiðstöðvum sem hér er kynnt er í samræmi við þá þróun sem víða ryður sér til rúms og hæfir betur sjúklingum nútímans sem gjarnan þurfa þverfaglega nálgun fjölbreyttra sérgreina og heilbrigðisstéttu. Hér er um að ræða seinni bylgju skipulagsbreytinga á Landspítala sem gert er ráð fyrir að nánar verði útfærð með nýri framkvæmdastjórn.

### ***Annað:***

Stefnt er að því að sameina sviðsskrifstofur, sem eru 10 talsins nú í tvær skrifstofur, þar sem meiri samlegð næst með því, bæði fjárhagslega en einnig meiri samhæfing verkferla.

Framkvæmdastjórar fjármála og mannauðs verða áfram til staðar og sitja í framkvæmdastjórn en starfsemi sviðanna flyst á skrifstofu Landspítala.

Framkvæmdastjórar hjúkrunar og lækninga munu áfram sinna sínum verkefnum og eiga sæti í framkvæmdastjórn spítalans en starfsemin flyst á skrifstofu Landspítala.

Staða framkvæmdastjóra þróunar er lögð niður. Stýring Hringbrautarverkefnis (LSH-þátta) verður sér verkefni, með nái tengsl við forstjóra en er ekki hluti af framkvæmdastjórn.

Stefnumörkun verður hluti af verkefnum allrar framkvæmdastjórnar, í samvinnu við ráðgjafarnefnd spítalans, heilbrigðisráðuneyti og aðra haghafa.


Sem fyrr sagði mun nýtt skipurit taka gildi 1. október 2019. Stefnt er að því að á fyrsta ári verði dreginn lærdómur af nýju skipulagi og áhrif breytinga metinn fyrir 1. október 2020 með það fyrir augum að bæta skipuritið ef þurfa þykir. Landspítali mun fúslega leggja ráðuneytinu til nánari gögn og upplýsingar vegna þessara áformuðu breytinga eftir því sem ástæða þykir til.

Virðingarfyllst,




Páll Matthíasson  
forstjóri Landspítala

Mynd 1: Hefðbundið skipurit



NÝTT SKIPURIT LANDSPÍTALA 2019

Mynd 2: Skipurit – víddir



NÝTT SKIPURIT LANDSPÍTALA 2019